

Samtökin Hollvinir RÚV

kt. 411203-2390


Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn Hollvinasamtaka Ríkisútvarpsins um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 36/1982, um Sinfóníuhljómsveit Íslands, 57. mál.

Ofangreint frumvarp hefur borist Hollvinasamtökum Ríkisútvarpsins til umsagnar og sjá samtökin ekki ástæðu til að gera athugasemdir við breytingar á rekstrarþáttöku sem frumvarpið boðar enda virðist það ljóst að verði umrætt frumvarp um Sinfóníuhljómsveitina og frumvarp um Ríkisútvarpið ohf. að lögum samtímis, þá muni starfsemi hljómsveitarinnar ekki bíða skaða af.

Þó telja Hollvinasamtökin að æskilegt hefði verið að hafa í þessu frumvarpi einhvers konar vegvísi þar sem tilgreint væri að Sinfóníuhljómsveitin skuli eiga jafngreiðan aðgang að Ríkisútvarpinu og hefð er fyrir, svo tryggt sé að tengslin þar verði sterk í framtíðinni.

Fyrir hönd Samtaka Hollvina Ríkisútvarpsins, Reykjavík 6. nóv. 2006


Margrét Syrrisdóttir, form.

Valgeir Sigurðsson, varaform.

Þorgrímur Gestsson ritari

Viðar Hreinsson

Þór Magnússon

Ragnheiður Tryggvadóttir

Hörður Áskelsson

Lárus Ýmir Óskarsson